



KENNAHEFTI

Á ferð og flugi í umferðinni



NÁMSAGNASTOFNUN

Nokkur orð til kennara

um umferðarfræðslu á miðstigi

Nemendur á miðstigi eru flestir orðnir sjálfbjarga í umferðinni og oftast hægt að treysta þeim til að ferðast um án þess að þeir fari sér að voða. Þó er það oft svo að með auknum þroska hafa börn á þessum aldri tilhneigingu til að verða kærulaus og leyfa sér að taka áhættu í umferðinni sem þau hefðu ekki þorað þegar þau voru yngri, s.s. að hlaupa á ská yfir götu eða hjóla hjálmlaus. Það er því brýnt að á rétta atriði um öryggi og ábyrgð í umferð með nemendum á þessum aldri.

Markmið

Markmiðið með námsefninu *Á ferð og flugi í umferðinni* er að vekja nemendur til umhugsunar um umferðarmál, hvetja til umræðu um þau og stuðla að ábyrgri hegðun í umferðinni. Með því móti er þess vænst að auka megi umferðaröryggi nemenda á þessum aldri. Við gerð efnisins hefur verið tekið mið af áherslum í *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni* (2007) og þroska nemenda á miðstigi. Reynt er að fjalla um atriði sem nemendur á þessum aldri upplifa einna helst í umferðinni. Þannig er t.d. töluverð áhersla lögð á umræður um reiðhjól og öryggismál tengd þeim, auk þess sem umferðarreglum, umferðarmerkjum, endurskinsmerkjum og umferðarhegðun í snjó og hálfu eru einnig gerð nokkur skil. Umræðan er einnig leidd inn á brautir almenningsgangna og þar með umhverfisverndar að vissu marki. Athygli er vakin á því að það er fleira en reglur og umferðarmerkin sjálf sem stuðlar að því að gera umhverfi okkar eins öruggt og unnt er þegar farið er um utandyra, s.s. göngubrýr, undirgöng, gangbrautarljós og hraðahindranir. Einnig er vikið að mannlega þættinum, þ.e. tilfinningum og óvæntum upþákomum sem geta haft áhrif á umferðaröryggið. Síðastnefnd atriði er að finna í sögum sem fylgja kennaraefninu og verkefnum með þeim, sjá nánar um það síðar.

Uppbygging nemendaefnis

Nemendabókin er byggð upp á sjálfstæðum efnispáttum þannig að taka má kaflana fyrir í þeirri röð sem kennari telur best henta hverju sinni. Þó er mælt með því að byrjað sé á því að lesa saman kaflann **Kæri nemandi** sem er bréf til nemenda um umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir að það bréf geti nýst vel fyrir umræður í bekknum um ýmislegt sem fylgir því að vera vegfarandi í umferðinni. Má þar nefna umfjöllun um það að ganga/hjóla eftir gangstétt og vara sig á bílum sem gætu verið að bakka út úr innkeyrslum, sem og að vera vel sýnilegur í skammdeginu með því að nota endurskinsmerki. Þau atriði sem eru til umræðu í bréfinu eiga að geta skapað umræðu um góða umferðarhegðun, ábyrgð og árvekni. Einnig er mælt með því að kaflarnir tveir sem fylgja, **Umferðarreglur** og **Umferðarmerkin** séu teknir á eftir þessum fyrsta hluta og farið vel í gegnum þá umræðu sem þar er áður en farið er í aðra kafla bókarinnar. Þá má svo taka í þeirri röð sem kennari telur æskilegt út frá efni þeirra og samhengi við árstíma og árferði eða önnur verkefni/námsgreinar sem verið er að fást við í skólastarfinu og henta til samþættingar við umferðarfræðslu.

Kennaraheftið

Í þessu kennarahefti með námsefninu *Á ferð og flugi í umferðinni* má finna nánari útskýringar á efni hvers kafla í nemendabókinni. Aftast eru fleiri verkefni, sögur og umræðupunktur tengd umferðarfræðslu sem nýta má í framhaldi af þeim efnisþáttum sem unnið er með hverju sinni eða til að vinna með sjálfstætt. Verkefni í nemendabók skýra sig að mestu sjálf en gott er að nemendur og kennari fari saman yfir það hvernig ætlast er til að unnið sé úr þeim. Kennaraheftið hefur einnig að geyma atriði til dýpkunar á sumum viðfangsefnum.

Ábendingar um vefefni og gagnlegar vefsíður sem nýta má við umferðarfræðslu á miðstigi

www.umferd.is

Vefur um umferðarfræðslu unninn í samvinnu Grundaskóla á Akranesi, Námsgagnastofnunar og Umferðarstofu. Þarna má finna ýmis verkefni sem mögulegt er að nýta í umferðarfræðslu, s.s. gagnvirk verkefni og leiki, söguramma, sögur um siðferði í umferðinni, krossgátur og ábendingar um gagnlegar vefsíður undir hnappnum kennarar.

www.us.is

Á vef Umferðarstofu má finna ýmsan fróðleik og upplýsingar.

www.kidsandtraffic.mq.edu.au

Vefur með fjölda upplýsinga fyrir börn og fullorðna, auk þess safn af kennsluefni um ábyrga hegðun í umferðinni og hugmyndir að umferðarfræðslu.

www.geimalfurinn.is

Vefur Landsbjargar fyrir 4.–6. bekk um slysavarnir. Hluti efnisins, þ.e. 6. heftið, tekur á umferðarmálum.

www.eldflugan.is

Ýmiss konar verkefni tengd umferðarmálum. Einkum ætlað yngri börnum en þó er ýmislegt sem getur nýst ágætlega fyrir miðstig, auk þess sem í heimildaskrá og víðar í efninu má finna slóðir á vefsíður sem tengjast umferð.

www.elmer.ca

Kanadískur vefur um fílinn Elmer. Hægt er að fara í ýmsa einfalda leiki sem tengjast umferðarmálum.

<http://us.is/page/umferdarkerki%20fraedsla>

Umferðarmerkjavefur umferðarstofu.

Fleiri gagnlegar vefsíður

Hagstofa Íslands	www.hagstofa.is
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	www.rnu.is
Tryggingamiðstöðin	www.tm.is
VÍS	www.vis.is
Sjóvá-Almennar	www.sjova.is
Umhverfisstofnun	www.ust.is
Bílgreinasambandið	www.bgs.is
Íslenski fjallahjólaklúbburinn	www.fjallahjolaklubburinn.is
Ökukennarafélag Íslands	www.aka.is
Rauði kross Íslands	www.redcross.is
Strætó	www.straeto.is
Ríkisskattstjóri	www.rsk.is
Alþingi (lög og reglugerðir)	www.althingi.is
Félag íslenskra bifreiðaeigenda – FÍB	http://www.fib.is
Landssamtök hjólréiðamanna – LHS	http://www.lhm.is
Bifhjólasamtök lýðveldisins – Sniglar	http://www.sniglar.is
Umboðsmaður barna	http://www.barn.is
Samgönguráðuneytið	http://www.samgonguraduneyti.is

Kaflar í nemendabók

Kæri nemandi, bls. 3

- Þessum inngangi er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um ýmislegt hversdagslegt í umferðinni, s.s. að nota gangbrautarljós og varast bíla sem bakka út úr innkeyrslum.
- Nemandinn er ávarpaður beint til að nálgast hann persónulega. Í bréfinu er gert ráð fyrir að viðtakandi hagi sér óaðfinnanlega í umferðinni og það t.d. gefið til kynna með orðum eins og „Þú lítur sjálfsgott til beggja hliða ...“ og „Þér myndi örugglega aldrei detta í hug að ...“
- Í tengslum við þau atriði sem koma fram í bréfinu er upplagt að koma af stað umræðu um umferðarreglur til að kanna hvaða reglur nemendur þekkja (s.s. gangbrautir, gangbrautarljós, að ganga eftir götu þar sem ekki er gangstétt, biðskylda, stöðvunarskylda o.s.frv.). Sú umræða er góður undirbúningur fyrir næstu tvo kafla þar sem rætt er um umferðarreglur og umferðarmerki.

Umferðarreglur, bls. 4

- Hér er umræða um reglur og lög. Alls staðar í lífinu eru reglur; heima hjá okkur, úti í búð, í umferðinni, í skólanum o.s.frv. Áherslur geta verið misjafnar eftir aðstæðum eða heimilum, löndum, vinnustöðum eða skólum, svo eitthvað sé nefnt.
- Sumar reglur eru skráðar og öllum ber skylda til að fara eftir þeim skv. lögum. Það geta jafnvel verið viðurlög við því að fara ekki eftir sumum reglum. Aðrar reglur eru óskráðar (s.s. að bíða í röð úti í búð, eða fara úr skónum í forstofunni heima hjá sér). Dæmi er tekið af því sem við köllum almenna mannsiði. Sjálfsagt er hægt að finna fleiri skemmtileg dæmi um ólíka siði milli menningarsamfélaga sem mætti ræða um í þessu samhengi. Alls staðar meðal þjóða, þar sem nútíminn hefur hafið innreið sína með tilheyrandi tækni og umferð, eru þó umferðarreglur til þess að tryggja öryggi fólks.
- Hvers vegna er nauðsynlegt að hafa umferðarreglur? Gott er að byrja umræðuna á því að ræða um þær reglur sem eru í gildi á heimilum. Hvers vegna eru þessar reglur? Hver er tilgangurinn með þeim? Sjálfsagt eru svörin mjög mismunandi.
- Nemendur hafa áður fengið fræðslu um umferðarmál, bæði heima, í umferðarskólanum Ungir vegfarendur, sem starfræktur er af Umferðarstofu og sendir leikskólabörnum umferðarfræðsluefni á hverju ári, í leikskóla og í grunnskóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því að þeir geti með umræðu innan bekkjarins rifjað upp regluna um hvar skuli ganga eftir götu þar sem engin gangstétt er. Í III. kafla umferðarlaga um gangandi vegfarendur segir:

11. gr.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar, sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). **Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða.** Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól eða létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

12. gr.

Gangandi vegfarandi sem ætlar yfir akbraut skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.



Umferðarmerki, bls. 5–7

- Tekin eru fyrir 55 umferðarmerki úr fjórum flokkum, þ.e. viðvörunarmerki, boðmerki, bannmerki og upplýsinga- og þjónustumerki (merkin eru aftast í kennaraheftinu og má ljósrita þau á glæru eða varpa beint á tjald). Bent er á símaskrána til að skoða fleiri merki, en einnig má finna öll merkin á vef Umferðarstofu, www.us.is. Veggspjöld með umferðarmerkjum eru einnig fáanleg hjá Umferðarstofu.
- Hugmynd að frekari verkefnum um umferðarmerkin:
 - Nemendur útbúi veggspjald (annaðhvort bekkurinn eitt sameiginlegt eða skipt í hópa og hver hópur tekur fyrir nokkur merki) með umferðarmerkjunum eða þeim umferðarmerkjum sem nemendum sjálfum finnst vera mikilvægust og skýringum á þeim. Veggspjaldið verði hengt upp á göngum skólans eða í anddyri til að aðrir nemendur geti haft gagn og gaman af, þeir eldri jafnt sem yngri.
 - Hver nemandi velur sér umferðarmerki til að teikna í raunstærð. Þá þarf að fara út og mæla merki í nágrenninu til að sjá stærðina. Merkin væru svo teiknuð á pappa/maskínupappír og annaðhvort notuð málning eða vaxlitir til að lita í réttum litum.

Skólinn minn, bls. 8

- Verkefninu er ætlað að vekja athygli nemenda á nánasta umhverfi þeirra við skólann. Gott er að fara út í gönguferð með nemendur, umhverfis skólann, og skrá jafnvel niður hvaða merki eða annað sem snertir umferðaröryggi verður á vegi þeirra. Ef veður er gott er upplagt að hafa bókina með ásamt pennaveski og vinna verkefnið allt utan dyra.

Strætó, bls. 9

- Umfjölluninni er ætlað að vera kveikja að umræðum um almenningssamgöngur og umhverfismál auk þess sem hægt væri að taka upp umræðu um peninga í tengslum við efnið. Hvað skyldi nú kosta að eiga og reka bíl? Keyrir fullorðna fólknið jafnvel örstuttar vegalengdir þegar hægt væri að spara bensín og peninga með því að ganga? Er krökkunum skutlað á æfingar eða til vana þegar þeir gætu gengið eða tekið strætó?
- Umfjöllunin gæti einnig nýst til að kenna nemendum eða rifja upp hvernig lesið er úr tímatöflu strætó. Hægt er að varpa af Netinu eða prenta út á glæsur tímatöflu(r) af www.straeto.is til að nýta í tengslum við efnið.
- Hugmynd að verkefni með kaflanum:
 - Bekknum er skipt upp í 4–5 hópa. Hver hópur á að finna út hvernig bekkurinn kæmist með strætó í vettvangsferð á ákveðinn stað (Perlan, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Bókasafnið í Kópavogi, Listasafn Einars Jónssonar, kaffihús/

ísúð í miðbæ Reykjavíkur eða eitthvað annað sem áhugavert gæti verið að skoða eða gera). Bæði þarf að finna heppilegustu leiðirnar út frá staðsetningu skólans miðað við fyrirhugaðan áfangastað og einnig bestu tímasetningarnar til að fara í strætó til og frá áfangastað. Nemendur mega ekki gleyma að gera ráð fyrir a.m.k. klukkustund á áfangastað áður en haldið er aftur heim á leið með strætó. Hver hópur kynnir sína tillögu fyrir bekknum, jafnvel með glærusýningu eða með því að nota töfluna. Svo er annaðhvort kosið eða dregið um í hvaða vettvangsferð skuli fara og dagsetning ferðarinnar ákveðin. Ferðin er síðan farin á tilsettum tíma.

Umferðarkönnun, bls. 10

- Áður en þetta verkefni er unnið er æskilegt að kennari hafi farið með bekkinn út í gönguferð um nágrenni skólans þannig að allir viti hvaða staði verið er að tala um þegar ákveðið er hvar hóparnir skuli koma sér fyrir við könnunina.
- Nauðsynlegt er að setja ákveðin tímamörk fyrir könnunina, t.d. 20 eða 30 mínútur frá því að farið er út úr skólastofunni og þar til fara á aftur inn.
- Einnig er mikilvægt að fara vel yfir verkefnið áður en lagt er af stað þannig að hóparnir séu allir búnir að skrá þær upplýsingar sem þeir geta áður en þeir fara út, s.s. hverjir eru í hópnum og hvaða atriði hópurnir ætla að kanna. Best er að hver hópur kanni einungis eitt atriði, svo er hægt að færa öll atriðin síðar inn á sameiginlegt súlurit eða sameina þau með öðrum hætti ef áhugi er fyrir því. Nauðsynlegt er að tala um hvernig skráningin fer fram í hverjum hópi, s.s. í hópnum sem athugar hvort bílar séu með ökuljósinn kveikt: einn nemandi hefur það hlutverk að skrá alla bíla sem aka fram hjá honum, eitt strik fyrir hvern bíl, strik á ská yfir hverja fjóra bíla (IIII) á meðan annar í hópnum skráir aðeins þá bíla sem eru með (eða ekki með) ökuljósinn kveikt, o.s.frv.
- Mikilvægt er að leggja á það áherslu við nemendur að gæta vel að öryggi sínu og koma sér t.d. ekki fyrir á stöðum þar sem þeir eru of nálægt götum eða ökumenn sjá þá illa.
- Þættir sem hver hópur getur kannað eru t.d.:

Hvort

- bílar séu með ökuljósinn kveikt
- bílstjórar gefi stefnumerki áður en þeir beygja
- bílstjórar séu með öryggisbeltið spennt
- farþegar séu spenntir í belt
- bílstjórar tali í síma á meðan þeir aka
- öll ljós eru í lagi (þ.e. ekki annað afturljosið óvirkt t.d.)
- bílstjórar stöðvi algjörlega þar sem stöðvunarskylda er
- bílstjórar hægi á sér, og stöðvi ef þarf, þar sem biðskylda er
- bílstjórar stoppi fyrir gangandi vegfarendum sem bíða við gangbraut
- bílar keyri yfir á rauðu ljósi
- lítil börn séu í barnabílastólum



Sjálfsgagt má finna önnur atriði til að kanna (t.d. fjölda bíla, bifhjóla, jeppa, hjóla, gangandi vegfarenda, vinnuvéla, strætisvagna, rútbíla, vörubíla o.s.frv.) og bekkurinn getur e.t.v. í sameiningu fundið út að hverju fleiru mætti huga.

Einn hópurinn gæti e.t.v. kannað hegðun gangandi og/eða hjólandi vegfarenda, hvort þeir virða umferðarreglurnar.



Reiðhjól og hjálmanotkun bls. 11–14

- Hér er athygli vakin á lögum og reglugerðum um reiðhjól, útbúnað þeirra og umferð. Gott er að leggja áherslu á að öllum ber að fara eftir lögum, hvort sem þau lúta að hjólreiðum eða öðrum atriðum.
- Nemendur eru hvattir til að fara yfir þá hluti sem skylt er að hafa á hjólum í samráði við foreldra sína. Ekki er gert ráð fyrir að unnið sé með þennan þátt í skólanum nema í umræðuformi, e.t.v. eftir að nemendur hafa merkt við hvaða skyldubúnaður er á hjólum þeirra. Ef ætlunin er að sinna þessu nánar í skólanum þurfa nemendur allir að koma með hjólin sín í skólann og skoða, t.d. tveir og tveir saman, hjól hvor hjá öðrum og merkja við í bókinni. Ekki væri úr vegi að vera í samstarfi við lögregluna, þar sem aðstæður leyfa, og fá hjólaskoðun hjá henni og miða á þau hjól sem standast skoðun.
- Bekkjarverkefnið, þar sem gera á súlurit yfir skyldubúnað sem nemendur eru með á hjólum sínum, er í raun ætlað sem hvatning fyrir þá nemendur sem ekki hafa allt sem ætlast er til á sínum hjólum og ábending um að alltaf má bæta sig. Markmiðið er að allar súlurnar verði að lokum jafn háar!
- Hvort sem nemendur koma á hjólum í skólann eða ekki er upplagt að fá alla til að koma með reiðhjólshjálmana sína í skólann til að skoða hvort þeir passi og sitji rétt og hjálpast að við að laga hjá þeim sem þurfa á því að halda. Ef einhverjir eiga ekki hjálm (og auðvitað getur verið að einhverjir eigi hvorki hjól né hjálm) þá er gott að taka umræðu um það að allir eigi að nota hjálm og að þeim sem er undir 15 ára aldri sé skylt að bera hjálm við hjólreiðar.

- Hugmynd að verkefni í tengslum við efni kaflans:
 - Bekkurinn, ásamt kennara, fari í hjólreiðaferð saman þar sem áhersla er lögð á rétta hegðun í umferðinni, s.s. að hjóla í einfaldri röð, gefa merki þegar á að beygja, nota hjólreiðastíga, víkja fyrir gangandi vegfarendum á gangstétt og reiða hjólið yfir gangbraut/götu á umferðarljósum. Áður en farið er þarf að fara vandlega í gegnum það hvernig hjólreiðamönnum beri að hegða sér í umferðinni. Gott er að fá annan fullorðinn (kennara, starfsmann skóla eða foreldri) til að vera með, annaðhvort til að leiða hópinn eða fara á eftir.

Prautabraut, bls 15

- Ítarlegar leiðbeiningar um hvernig setja má upp þrautabraut á skólalóðinni eru í kaflanum svo óþarfi er að fara nánar út í það hér.
- Leggja ber áherslu á að öryggið sé í fyrirrúmi þegar þrautbrautin er útbúin og að hjól nemenda séu í góðu lagi.
- Prautbrautina mætti e.t.v. setja upp í kjölfar vinnu með kaflann um reiðhjól og hjálmanotkun eða kaflann Umferðarfréttir. Einnig má útfæra brautina fyrir hlaupa-hjól eða hjólabretti að einhverju leyti.

Umferðaröryggi, bls 16–17

- Hér er ætlast til þess að nemendur krossi yfir alla þá vegfarendur á myndinni sem ekki fylgja lögum og reglum um umferðaröryggi. Nemendur mega gjarnan vinna saman í pörum.

Öryggið er í þínum höndum, bls 18–19

- Gott er að byrja kennslustundina á því að ljósrita opnuna á glæru og skoða sam-eiginlega til hvers er ætlast af nemendum. Ræða hvar eru greinilega hættuleg gatnamót á myndinni, hvar er líkast til mikil umferð skólabarna o.s.frv. til að gefa nemendum tóninn um að hverju þurfi að huga þegar umferðarmerki og -mann-virki eru sett niður.
- Verkefnið getur verið ágætis æfing í hnitum. Á spássíum má sjá hvernig myndinni er skipt í dálka. Nemendur geta lokið við að teikna dálkana inn á myndina, ef þurfa þykir.
- Þessum kafla er ætlað að vekja athygli nemenda á því hversu marga þætti þarf að hafa í huga þegar hverfi eða bæir byggjast til að gera umferð sem öruggasta.
- Best er ef nemendur vinna saman tveir eða þrír (en hver sér þó um að teikna í sína bók) þar sem við það skapast ákveðin umræða sem dýpkar verkefnið. Gert er ráð fyrir að kennarinn gangi á milli og ræði við hvern hóp og komi með athugasemdir og ábendingar eftir þörfum.
- E.t.v. reynist nauðsynlegt að benda nemendum á að stundum sé þörf á að nota fleiri en eitt ták á sama stað.

Fyndið ..., bls. 20–21

- Hér er brugðið á leik með nemendum í látbragðsleik. Verkefnið er útskýrt nákvæmlega á síðunni og vakin athygli á því að einnig er hægt að nota það sem keppni á milli hópa.
- Aftast í kennaraheftinu er blað með umferðarmerkjunum (sama blað og nota má fyrir glærurnar með kaflinum um umferðarmerkin) sem þarf að prenta út í lit og klippa niður svo nemendur geti dregið merki til að leika. Snjallt er að plasta merkin svo nota megi þau aftur og aftur.

Hlaupahjól – hjólabretti – línuskautar, bls. 22–23

- Umræða um hlaupahjól, hjólabretti og línuskauta og áhersla lögð á nauðsyn þess að nota viðeigandi hlífðarbúnað.
- Gert er ráð fyrir að þeir sem eru á hlaupahjólum noti hjálm.
- Gert er ráð fyrir að þeir sem eru á hjólabrettum eða línuskautum séu með hjálm ásamt olnboga- og hnjáhlífum en úlnliðshlífar geta einnig komið sér vel. Mikilvægt er að nemendur teikni þennan öryggis- og hlífðarbúnað á myndirnar sem fylgja eins og til er ætlast.
- Margir krakkar eru mjög færir á línuskautum og/eða hjólabrettum og ekki væri úr vegi að fá þá til að sýna hinum í bekknum hvernig þeir fara að. Sérstaklega eru margir strákar áhugasamir um hjólabretti og geta margir hverjir gert ótrúlegustu kúnstir sem þeir gætu haft gaman af að sýna bekknum og kenna hinum krökkunum nöfnin á. Leggja þarf áherslu á að fyllsta öryggis sé gætt og hjálmur og hlífar sitji rétt. Rétt væri e.t.v. að hafa samþykki foreldra fyrir því að barnið þeirra framkvæmi kúnstir sínar fyrir skólafélaga sína á skólatíma.

Endurskinsmerki, bls. 24–25

- Umræða um endurskinsmerki og nauðsyn þeirra fyrir alla í umferðinni.
- Til þess að nemendur fái betri tilfinningu fyrir vegalengdum (ökumenn sjá gangandi vegfarendur allt að fimm sinnum fyrr ef þeir eru með endurskinsmerkin virka. Ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd eru í nemendabók en nauðsynlegt er að kennari fari vel yfir leiðbeiningarnar með nemendum áður en verkefnið er unnið. Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á að verkefnið sé unnið á skólalóðinni á öruggum stað en ekki t.d. á bílastæðinu við skólann.
- Í tengslum við þessa umræðu gæti verið snjallt að hafa samband við eitthvert tryggingafélaganna, lögregluna eða aðra sem gætu gefið nemendum endurskinsmerki.



Snjór og háлка, bls. 26–27

- Í snjó og háлка þarf að vera enn betur á verði í umferðinni. Rætt er um það hvernig við öll sem erum á ferli berum sameiginlega ábyrgð á því að umferðin gangi vel og örugglega fyrir sig.
- Gott er að benda sérstaklega á myndina á blaðsíðunni þar sem krakkarnir eru til fyrirmyndar í sambandi við notkun á endurskinsmerkjum.
- Verkefni um snjó og háлка í umferð og á skólalóð er ætlað að vekja umræður og undirbyggja enn frekar það sem minnst er á í kaflanum: hvers konar hegðun sýnir ábyrgð og aðgát í umferðinni og hvað er það sem getur reynst hættulegt, jafnvel þó aðeins sé um leik að ræða. Þar er að sjálfsgöðu átt við það bæði að renna sér á sleðum niður hóla og brekkur sem eru nálægt umferðargötum eða bílastæðum, og eins það að henda snjóboltum í bíla sem eiga leið framhjá. Þetta tvennt eru aðstæður sem sennilega flestir krakkar geta séð sig í og einhverjir eflaust tekið þátt í að henda snjóboltum í bíla sem aka framhjá eða renna sér allt of nálægt umferð. Því ætti að vera auðvelt að ná fram góðri umræðu um þessi atriði og þær hættur sem skapast geta við þær aðstæður sem rætt er um.
- Söguna Jason sem fylgir hér með ítarefninu aftar, getur verið gott að lesa fyrir nemendur í tengslum við kaflann.

Umferðarfréttir, bls. 28–29

- Kaflanum er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um umferðarmál í víðu samhengi. Um hvað er einkum fjallað í blöðunum í tengslum við umferð og hvernig er fjallað um það? Geta vegfarendur gert betur? Þurfa þeir að gera betur? Er of mikið um slys og óhöpp? Hvað er hægt að gera til að fækka slysum? Getur bekkurinn komið einhverri jákvæðri frétt/fréttatilkynningu um umferð eða umferðaröryggi á framfæri við fjölmiðla?
- Fréttin *Hjálmurinn bjargaði* er af atviki sem raunverulega átti sér stað þó hvorki séu nefnd nöfn eða staðir. Eflaust geta einhverjir úr nemendahópnum bætt við lýsingum á óhöppum sem þeir sjálfir eða einhverjir sem þeir þekkja hafa orðið fyrir þar sem hjálmurinn bjargaði miklu og er um að gera að fá nemendur til að deila reynslu sinni með bekknum og ýta þannig undir mikilvægi þess að nota alltaf hjálm við hjólreiðar.

Ítarefni

Á næstu síðum er **ítarefni með námsefninu** sem hægt er að nota annaðhvort samhliða nemendabókinni eða sem sjálfstætt efni.

Sögur

Sögurnar endurspeglar aðstæður sem líklegt er að nemendur geti samsamað sig við. Þeim er ætlað að vekja umræður um öryggi í umferðinni út frá áherslum hverrar sögu. Umræðupunktur og verkefni fylgja öllum sögunum.

Þorsteinn

Saga um dreng sem fer út að hjóla í tilfinningalegu uppnámi, gleymir að setja á sig hjálm, tekur ekki vel eftir umhverfinu og lendir í slysi. Sagan endar á orðunum: Síðan varð allt svart. Nemendum er í raun falið að enda söguna. Hvað var það sem gerðist? Rotaðist Þorsteinn? Dó hann? Slasaðist hann alvarlega?

Sara

Saga um stelpu sem þarf að fara með litla bróður sinn á leikskólann. Strákurinn er baldinn og hún þarf að hafa fyrir því að gæta hans í umferðinni auk þess sem vont veður setur strik í reikninginn. Farið er í gegnum það að alltaf eigi að fara yfir þegar „græni kallinn“ er kominn (barnamál vegna litla bróður Söru), fara örugga leið, o.s.frv. Sagan endar vel í sjálfu sér en þó skellur hurð nærri hælum í lokin.

Jason

Hér er umfjöllunarefnið snjórinn og hversu hættulegt getur verið að kasta snjóboltum í bíla. Strákarnir í bekknum eru í snjökasti og í hita leiksins taka tveir sig út úr hópnum og kasta snjóboltum í bíla sem eiga leið fram hjá. Bílstjóranum bregður og snarhemlar með þeim afleiðingum að bíllinn snýst í hringi og slys verður. Ekki er farið nánar út í það hversu alvarlegt slysið var, hvort einhverjir slösuðust mikið eða lítið en þeirri umræðu ætlað að koma upp í kjölfar sögunnar.

Annað efni

Endurskinsmerki – heimaverkefni

Blaðið má ljósrita og fá nemendum sem heimavinna.

Umferðarmerki

Til að prenta á glærur fyrir umfjöllun um merkin og til að prenta út á pappír og klippa niður fyrir látbragðsleikinn Fyndið ...

ÞORSTEINN

„Þú ert sjálf bara fífl!“ öskraði Þorsteinn á Grétu, tvíburasystur sína, um leið og hann hentist út úr dyrunum og skellti harkalega á eftir sér svo glumdi í. „Algjör asni og aumingi!“ hélt hann áfram hálfsnöktandi og sparkaði í hjólið hennar svo það datt á hliðina. Hann opnaði lásinn á sínu eigin hjóli með skjálfandi höndum, tók standarann af og settist upp á hjólið. Tárin streymdu niður kinnarnar og hann titraði af reiði. „Mér er alveg sama!“ tuldraði hann við sjálfan sig þegar sú hugsun flaug í gegnum kollinn á honum að hann væri ekki með hjálminn. Svo þaut hann út úr innkeyrslunni og niður götuna án þess að vita hvert hann væri að fara. Hann brunaði fram hjá hverju húsinu á fætur öðru og tók ekki einu sinni eftir jeppa sem snarhemaði í einni innkeyrslunni til þess að bakka ekki á hann. Heyrði ekki flautið í jeppanum, tók ekki eftir neinu í kringum sig, hann var svo reiður. Tárin næstum því blinduðu hann og hann strauk sér snögg um hvarmana með annarri erminni og saug upp í nefið.

Alltaf var þetta sama sagan. Á fimmtudögum áttu þau að laga til í herbergjunum sínum og sjá um að eldhúsið og forstofan væru hrein og fín þegar mamma kæmi heim úr vinnunni. Mamma vann svo lengi fram eftir á fimmtudögum að hún hafði samið um það við þau að þau gerðu þetta til þess að hún gæti strax farið að elda þegar hún kæmi heim en þyrfti ekki að byrja á því að ganga frá. Þau bæði! Ekki bara hann. Gréta reyndi alltaf að sleppa einhvern veginn og hann var búinn að fá nóg! Hún gerði aldrei það sem hún átti að gera. Í dag hafði hún lagað til í herberginu sínu en svo settist hún bara fyrir framan sjónvarpið og fór að horfa á endursýningu á einhverjum asnalegum raunveruleikabætti. Eins og hún væri ekki búin að sjá þetta áður! Og eins og þetta væru ekki ógeðslega leiðinlegir þættir hvort sem er! Þorsteinn hafði byrjað á eldhúsinu og það var óvenjulega mikið drasl þar vegna þess að Gréta hafði komið með bæði Örnu og Dagnýju heim með sér eftir skóla og þær höfðu fengið sér að borða en ekki gengið frá eftir sig. Hún hafði örugglega samt fengið þær til að hjálpa sér með herbergið. Þegar hann hafði kallað á hana að koma og hjálpa sér hafði hún bara sagt að hún væri að horfa á sjónvarpið. „Slakaðu á, það er ekki eins og mamma sé alveg að koma,“ hafði hún bætt við. „Svo er mér líka illt í maganum og nenni þessu ekkert.“ Illt í maganum! Þorsteinn fann hvernig reiðitilfinningin byrjaði að brjótast um innan í honum. Það var alltaf einhver afsökun. Annaðhvort illt í maganum, með snúinn ökkla, höfuðverk, syfjuð eða eitthvað bara! Hún var bara löt og leiðinleg! Hann var að verða vitlaus á því að þurfa alltaf að gera þetta einn. Eða oft, alla vega. Svo hafði líka dagurinn í skólanum verið ömurlegur og hann var í vondu skapi vegna þess að þeir Einar Bragi höfðu farið að rífast í frímínútum eftir að hann hafði sagt að Einar Bragi væri ömurlegur í marki þegar honum mistókst að verja fjórða markið í röð. Og nú væri Einar Bragi örugglega hættur að vera vinur hans út af þessu.

Þorsteinn þaut áfram og beygði til hægri þar sem gatan hans endaði og aðalgatan sem lá í gegnum hverfið tók við. Hann hjólaði fram hjá fótboltavellinum og sá að þar voru strákarnir eins og venjulega á þessum tíma dags. Og Einar Bragi í marki. Þorsteinn jók hraðann og brunaði áfram. Eftir smá stund áttaði hann sig á því að hann var á leið í áttina að höfninni. Það var ágætt. Hann fór stundum niður að höfn til að horfa á bátana og heyra trillukarlana sem þar voru með slorugan fiskinn í stórum fiskikörum tala saman eða hrópa eitthvað hver til annars. Í svona góðu vorveðri var eitthvað svo mikill friður yfir öllu þarna niður frá, jafnvel þó allt væri á fullu. Hann ætlaði sko ekkert heim aftur fyrr en mamma væri komin. Gréta gæti bara klárað uppvaskið og raðað skónum í forstofunni! Hann ætlaði alla vega ekki að gera það.

Þorsteinn fann hvernig reiðin sauð upp í honum aftur og hann fékk kökk í hálsinn og tár í augun. Hann langaði að fara í fótbolta með strákunum en þeir myndu örugglega ekki vilja hafa hann með, hugsaði hann. Hann þurrkaði sér um augun með erminni og reyndi að halda aftur af grátinum. Skyndilega hentist hjólið til og skransaði á lausamöl sem hafði borist inn á götuna frá vegarkantinum. Þorsteinn fann hvernig hann missti algjörlega vald á hjólinu og honum fannst hann renna til hliðar í óratíma áður en hann skall harkalega í götuna og datt af hjólinu sem hentist áfram eftir götunni og fleytti nánast kellingar á lausamölinni. Í sama bili kom stór vörubíll akandi út úr innkeyrslunni við frystihúsið og hjólið stöðvaðist ekki fyrr en það lenti með hávaða á framdekki vörubílsins sem snarhemplaði. Þorsteinn lá á götunni alveg ringlaður og fann hvernig allt hringsnerist fyrir augunum á honum. Hann sá vörubílstjórann snara sér út úr bílnum og koma hlaupandi í áttina til hans og hann heyrði einhvern hrópa að það þyrfti að hringja á sjúkrabíl. Svo varð allt svart.

Til umræðu:

1. Að hverju eða hverjum beindist reiði Þorsteins?
2. Hvers vegna var hann svona reiður?
3. Var eitthvað annað sem bjó undir hjá honum?
4. Um hvað var hann að hugsa þegar hann þaut áfram á hjólinu?
5. Hvað var það fyrsta sem hann gerði vitlaust í reiði sinni?
6. Hvað fór fram hjá Þorsteini þegar hann hjólaði af stað?
7. Hvernig endaði þessi hjóltreifaferð? Hvað er líklegt að hafi gerst?
8. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

Verkefni:

- Tveir eða þrír saman geta búið til auglýsingu þar sem fjallað er um umferðaröryggi. Auglýsingin þarf að höfða til krakka á ykkar aldri. Hægt er að gera útvarps- eða sjónvarpsauglýsingu eða veggspjald, allt eftir því sem tími, efni og aðstæður í skólastofunni leyfa.
- Semdu framhald eða annan endi á söguna um Þorstein. Hvað gerðist eftir að allt varð svart? Hvernig fór þetta allt saman?
- Slyss af þessu tagi myndi sennilega vera getið í blöðunum. Nú ert þú blaðamaður og átt að skrifa frétt um slysið. Hvernig vildi það til? Voru einhver vitni að því sem gerðist? Var hægt að taka viðtal við einhvern, t.d. lögregluna eða vörubílstjórann? Eða jafnvel Þorstein sjálfan? Foreldra hans...? Hvað er að fréttu af líðan Þorsteins? Þessar, og fleiri spurningar sem þér dettur í hug, skaltu hafa í huga þegar þú semur fréttina.
- Tveir eða fleiri saman geta lagt heilann í bleyti og samið nokkur snjöll slagorð um krakka, hjól og umferðaröryggi. Búið til litrík spjöld með slagorðum sem auðvelt er að muna og hengið upp hér og þar í skólanum ykkar! Það er líka hægt að útbúa nælur með slagorðunum eða finna aðra leið til að kynna slagorðin ykkar sem víðast.

SARA

– Ertu viss um að þú treystir þér til að fara með Gumma á leikskólann? spurði mamma, örugglega í fjórða skiptið. Svo fékk hún enn eitt hóstakastið.

– Já mamma, það er ekkert mál, svaraði Sara þegar kastið var gengið yfir. Vá maður, hvað ætlađu eiginlega að hósta mikið? bætti hún við og horfði áhyggjufull á mömmu sína.

– Æ, þetta fer nú vonandi að batna, sagði mamma. Þetta er hundleiðinlegt að vera svona. En mikið er ég nú annars heppin, Sara mín, hvað þú ert dugleg að hjálpa mér með hann Gumma. Eins og hann getur nú verið fjörugur! Þú verður að halda fast í hann á leiðinni, þú veist hvernig hann er. Tekur bara á rás allt í einu.

– Já, ég skal passa hann voða vel, sagði Sara og setti hettuna á regnjakkanum sínum á höfuðið og reimaði að. Henni fannst talsvert til þess koma að vera treyst fyrir þessu verkefni og var ákveðin í að standa sig vel. – Jæja, þá förum við, sagði hún. Gummi, segðu bless við mömmu. Vinka. Gummi stóð í forstofunni eins og hver annar böggull, í regnfötum frá toppi til tåar, með vettlinga, trefil og húfu. Það sást varla í andlitið á honum, hann var svo rækilega dúðaður. Hann lét sér ekki nægja að vinka mömmu sinni að skilnaði heldur fleygði sér á hana og faðmaði annað lærið á henni innilega.

– Bessbess! sagði hann, sjáust!

– Bless kallinn minn, sjáumst seinna í dag, sagði mamma og beygði sig niður til að faðma Gumma. Og bless Sara mín, farðu varlega. Hún bar snýtubréfið upp að nefinu og hnerraði hátt. Síðan snýtti hún sér hraustlega og leit hitagljáandi augum á Söru. Og mundu að halda fast í höndina á bróður þínum. Voðalegt vesen með þessa kerru, sagði hún og leit á kerruna sem stóð skökk í forstofunni, ónothæf. Eitt hjólið hafði skyndilega dottið undan henni þegar fjölskyldan var í sunnudagsgöngutúr í Öskjuhlíðinni í fallegu haustveðri nokkrum dögum áður. Svo hafði dregist að gera við kerruna vegna þess að pabbi hafði einmitt farið til Egilsstaða á mánudeginum, eitthvað út af vinnunni, og mamma hafði þess vegna verið á bílnum og skutlað Gumma á leikskólann áður en hún mætti í vinnuna. Síðan fékk hún heiftarlega flensu og komst ekki í vinnu í tvo daga en hafði Gumma heima hjá sér. Nú var starfsdagur í skólanum og Sara þess vegna í frí. Því vildi mamma nota tækifærið og senda Söru með Gumma í leikskólann svo hún gæti náð að hvíla sig í von um að batna fyrr.

Gummi hljóp beint að lyftunni og ýtti á takkann sem hann rétt náði upp í. Hann leit sigri hrosandi á systur sína. – Ýta takka! sagði hann. Síðan æfði hann sig að hoppa jafnfætis á meðan þau biðu eftir að lyftan kæmi svo glumdi í stigaganginum. Sara hugsaði með sér að það væri eins gott að hann færi ekki að hoppa svona inni í lyftunni. Hún myndi örugglega bara stoppa.

Þegar systkinin komu út úr blokkinni mætti þeim snörp vindhviða. Haustið var svo sannarlega komið. Á bílastæðinu fyrir framan húsið fuku gulnuð lauf til og frá og himininn var þungbúinn og rigningarlegur. – Jæja, sagði Sara og rétti út höndina að Gumma, núna átt þú að leiða Söru. Gummi lét sér þetta vel líka og rétti systur sinni vettlingaklædda hönd sína. Systkinin héldu af stað í átt að göngustígnum sem lá frá blokkinni og að gangbrautarljósunum sem þau þurftu að fara yfir til að komast að leikskólanum. Sara hafði oft farið þessa leið áður en aldrei ein með Gumma. Venjulega keyrði pabbi Gumma á leikskólann á morgnana á meðan mamma og Sara fóru í hina áttina þar sem skólinn var. Þar sá mamma um mötuneytið og Sara var í fimmta bekk, svo þær gátu verið samferða alla leið.



Skyndilega féll þungur regndropi á nefið á Söru og hún leit upp í skýjaðan himininn. Í því var eins og himnarnir opnuðust og rigningin kom æðandi niður úr skýjunum og steypist yfir systkinin nánast eins og hellt væri úr fötu. – Vá, riddning! hrópaði Gummi upp yfir sig hrifinn. Hann hafði örugglega aldrei séð svona mikla rigningu áður. Þetta var næstum eins og rigningin sem Sara hafði lent í með mömmu og pabba úti í Svíþjóð einu sinni, rifjaði hún upp með sjálfri sér. Gummi hafði bara verið nokkurra mánaða gamall. Sara mundi hvernig gatan og gangstéttin höfðu bara allt í einu breyst í læki þar sem vatnið rann viðstöðulaust áfram og þau höfðu öll orðið alveg gegnvot á augabragði, nema Gummi sem hafði sofið vært í vagninum sínum og misst af þessu öllu. Svo hafði stytt skyndilega upp og sólin farið að skína aftur. Það myndi nú kannski ekki gerast núna. Sara gat hvergi komið auga á glufu á skýjuðum himninum og sólin virtist hafa tekið sér frí þennan haustdag.

Þau voru komin niður hálfan göngustíginn þegar Gummi losaði sig allt í einu úr greip systur sinnar og hljóp að polli sem myndast hafði við stíginn. Þetta gerðist svo snögg að Sara náði ekki að stöðva hann fyrr en hann var kominn í pollinn og farinn að hoppa um í honum með miklum fagnaðarlátum þannig að gruggugt vatnið spýttist og skvettist um allt. – Nei Gummi, þetta má ekki, sagði Sara ávítandi rómi og dró bróður sinn úr pollinum. Núna erum við að fara á leikskólann og þú verður að leiða Söru, manstu ekki? – Nei! sagði Gummi ákveðinn. Ekki leiða! Hoppa! Svo reyndi hann að rífa sig lausan aftur en Sara hélt fast í höndina á honum og hélt ákveðin áfram niður stíginn í átt að ljósunum. Þar stoppuðu þau og Sara lyfti Gumma upp svo hann gæti ýtt á takkann á gönguljósunum. Að því búnu ætlaði hann að æða yfir götuna. – Nei, æpti Sara á bróður sinn og kippti honum til sín rétt í því sem tveir bílar keyrðu fram hjá þeim á talsverðum hraða. Við verðum að bíða eftir græna kallinum, sagði hún og benti á ljósið sem sýndi enn þá rauðan kall. Annars geta bílarnir bara keyrt á okkur! Hún fann hvernig hjartað hamaðist í brjóstinu og herti enn takið á hönd bróður síns. Hún beygði sig niður og horfði í augun á honum. – Það má aldrei fara yfir götuna nema bíða eftir græna kallinum, bætti hún við alvarleg í bragði. Gummi var ekki alveg á því að bíða og reyndi enn að losa sig frá systur sinni. Í því breyttist kallinn á gönguljósinu úr rauðum í grænan og bílarnir höfðu stöðvað sitt hvorum megin við gangbrautina svo systkinin gátu farið yfir götuna. – Komdu Gummi, núna er kominn grænn kall, sjáðu bara sagði Sara og benti á ljósið, og þá megum við labba yfir. – Jamm, sagði Gummi ábúðarfullur og benti líka á græna kallinn. Núna má! Svo lögðu þau af stað yfir gangbrautina og Sara gætti þess að halda fast í hönd bróður síns.

Það gekk áfallalaust að komast yfir götuna og systkinin héldu áfram göngu sinni að leikskólanum sem nú sást glitta í á milli húsanna. Regnið hafði minnkað þó heldur hefði bætt í vindinn, en systkinin voru vel klædd og var þess vegna hlýtt.

Þegar þau komu á leikskólann hjálpaði einn leikskólakennarinn Söru að klæða Gumma úr útifötunum og ganga frá þeim á snagann hans. Mamma hafði hringt í leikskólann og beðið um að fylgst yrði með þeim þegar þau kæmu, hún væri svo lasin að hún hefði ekki getað farið með Gumma sjálf. – Mikið er hún Sara dugleg að koma með þig á leikskólann, sagði konan við Gumma og brosti vingjarnlega til Söru. – Varstu þægur á leiðinni? – Jamm, sagði Gummi, ánægður með sig. É var a hoppa. – Sækir þú hann líka kannski? spurði konan. – Nei, svaraði Sara, pabbi kemur heim í dag og hann ætlar að sækja Gumma.

Sara kvaddi bróður sinn og hélt af stað heimleiðis. Veðrið hafði versnað aftur á meðan hún var inni í leikskólanum og nú rigndi aftur eins og hellt væri úr fötu. Sara setti undir sig hausinn og hljóp af stað. Vindurinn reif í hana og sleit og hún sá varla út úr augum fyrir rigningunni. Svakalega yrði gott að koma heim. Hún ætlaði að búa sér til heitt kakó þegar hún kæmi inn og setjast svo inn í stofu og klára að horfa á ævintýramyndina sem hún byrjaði á í gær. Kannski vildi mamma líka heitt kakó. Svo gæti hún kannski farið upp að leika við Guðnýju Dóru þegar klukkan væri orðin aðeins meira. Í öllum þessum bollaleggingum og flýtinum við að komast heim ákvað hún að stytta sér leið og leit í flýti til beggja hliða áður en hún hljóp á ská yfir götuna. Skyndilega heyrði hún að bíll flautaði og skransaði og rann í bleytunni á götunni. Hún var sem betur fer komin yfir götuna og ætlaði bara að hlaupa áfram. Þetta hafði hvort sem er ekkert með hana að gera. Það var enginn bíll þegar hún gáði. Hún heyrði að einhver kallaði og svo kom einhver hlaupandi á eftir henni. Hún stoppaði og sneri sér við. Fyrir framan hana stóð lögreglupjónn. Söru dauðbrá. Hafði eitthvað komið fyrir? Hvers vegna vildi löggan tala við hana? Hún leit í áttina að götunni og sá að lögreglubíllinn hafði stöðvast og bílstjórinn var að reyna að koma honum í gang aftur. Hann hafði greinilega drepit á sér. Fyrir aftan bílinn var komin röð af bílum sem biðu eftir að geta keyrt áfram.

– Heyrðu væna mín, sagði löggan sem stóð fyrir framan Söru. Gerirðu þér grein fyrir því að það sem þú gerðir var stórhættulegt? Þú mátt ekki gleyma að fara varlega. Hér rétt fyrir neðan eru gönguljós! Hélt hann áfram og benti í átt að ljósunum. – Það á alltaf að nota þau!

Söru var verulega brugðið. Hún fann hvernig tárin brutust fram í augun og svo runnu þau saman við rigninguna á kinnum hennar. – É ... ég var bara að fl ... flýta mér, hálfpartinn hikstaði hún.

– Þetta fór nú betur en á horfðist, sagði lögreglupjónninn og klappaði vingjarnlega á kollinn á Söru, svona eins og til að róa hana aðeins. En við vorum næstum því búnir að keyra á þig. Við sáum þig ekki fyrr en það var næstum því orðið of seint!

Til umræðu:

1. Hvers konar veður var þennan morgun?
2. Skiptir máli fyrir umferðaröryggi hvernig veður er?
3. Hvernig gekk Söru og Gumma á leiðinni í leikskólann?
4. Hvað var það sem Sara gerði rangt á leiðinni til baka?
5. Hvers vegna áttu lögreglumennirnir erfitt með að sjá Söru þegar hún fór yfir götuna?
6. Hversu mikilvægt heldurðu að það sé að fullorðnir séu góð fyrirmynd fyrir börn, þegar umferðin er annars vegar?
7. En krakkar? Geta þeir verið fyrirmynd fyrir einhverja í umferðinni?
8. Hefurðu séð fullorðið fólk gera eitthvað mjög ógætilegt í umferðinni?
9. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

Verkefni:

- Gerðu teiknimyndasögu upp úr sögunni um Söru. Gerðu ráð fyrir 8–12 römmum fyrir söguna.
- Fáðu í lið með þér nokkra bekkjarfélaga og endursegið söguna saman með því að búa til leikpátt úr henni og sýna hinum í bekknum.
- Veldu eitthvað eitt atvik úr sögunni og teiknaðu og litaðu mynd af því á heilt A4 blað.
- Semdu 10 spurningar upp úr sögunni og leggðu þær svo fyrir bekkinn. Hversu vel muna bekkjarfélagar þínir eftir sögunni? Þú getur notað línurnar hér fyrir neðan ef þú vilt.



JASON

– Strákar! Sjaiði, stelpurnar! sagði Helgi í hálfum hljóðum við Þröst og Jason. Köstum í þær! Strákarnir hættu að hlaða virkisvegginn og litu upp. Jú, mikið rétt. Þarna voru þær, í miðri brekkunni og lágu alveg svakalega vel við höggi. Erla, Hanna og Sigurlaug, lágu í snjónum og gerðu engla með höndum og fótum og sungu Snjókorn falla. Jólin löngu búin og allt. Þeir hnoðuðu í flýti nokkra snjóbolta og stilltu sér svo upp fyrir ofan hausana á þeim. Þær sungu bara og sungu með lokuð augu. – Bara ef jólin, væru aðeins leeengri ... Þær hentust upp, skrækjandi og æpandi og vissu ekki hvaðan á þær stóð veðrið þegar þær voru truflaðar í miðjum englasöngnum. Strákarnir létu snjóboltana dynja á þeim og þær hlupu æpandi niður hólinn. Strákarnir skelli hlógu. Hrikalega var fyndið að sjá stelpurnar flýja undan þeim og heyra í þeim óhljóðin. Helgi var dálítið hrifinn af Sigurlaugu þó hann myndi aldrei viðurkenna það en Jason sagði hins vegar hverjum sem heyra vildi að hann væri skotinn í Erlu, henni til mikillar mæðu.

– Jæja, komum strákar, klárum virkið, sagði Þröstur. – Útivistin er bráðum búin.

Strákarnir í 6. JÓ höfðu skipt sér í tvö lið, fjórir voru í hvoru liði og nú voru þau bæði önnum kafin við að hlaða virkisveggi til að skýla sér á bak við í SNJÓSTRÍÐINU ÓGURLEGA sem átti að hefjast í hádegisfrímínútunum. Jóhann, kennarinn þeirra, hafði stungið upp á þessu við þá. Svo höfðu þeir komið sér saman um ákveðnar reglur sem ættu að gilda í SNJÓSTRÍÐINU ÓGURLEGA, svo sem að ef einhver fengi í sig snjóbolta þrisvar sinnum væri hann úr leik, bannað að svindla. Það lið sigraði sem stæði uppi með flesta leikmenn þegar bjallan hringdi eða fyrr. Kennarinn þeirra hafði stungið upp á þessu í gær eftir að helmingurinn af strákunum fór að slást í illu í kjölfar sakleysislegs snjókastis í frímínútunum. Hann sagði að þegar hann var á þeirra aldri þá hefði bekkurinn hans oft farið í snjóstríð, öll saman og skipt sér í tvö lið. Strákarnir ákváðu að prófa. Þegar bjallan hringdi nokkrum mínútum seinna voru bæði liðin rétt búin að ljúka við virkin sín og strákarnir flýttu sér í röðina við aðaldyrnar þar sem Jóhann beið eftir bekknum.

– Svona. svona, við erum alveg að verða komnar heim Lilja mín, sagði Stefanía blíðlega og leit í baksýnispegilinn til að reyna að ná augnsambandi við ársgamla dóttur sína í von um að róa hana aðeins niður. Lilja sat í bílstólnum sínum og var orðinn úrill og svöng. Þær höfðu verið í ungbarnaskoðun og Lilja hafði fengið sprautu í upphandlegginn og hana sveið örugglega í stungusárið. Nú voru mæðgurnar á heimleið og Stefanía vonaði að Lilja sofnaði ekki í bílnum áður en þær næðu heim því þá var útséð um að hún næði góðum lúru eftir hádegis. Lilja litla vældi bara enn meira við að heyra í mömmu sinni og braust um í stólnum sínum sem hélt henni sem betur fer vel fastri, sama hvað gekk á.

Stefanía andvarpaði. Þetta hafði verið erfiður morgunn og hún var harðákveðin í að leggja sig með Lilju litlu þegar þær kæmu heim og sú litla væri búin að borða hádegismat. Stefanía gaf stefnuljós og beygði inn á Skólastíg. Þar stöðvaði hún bílinn við gangbraut til að hleypa ungum manni með barnavagn yfir götuna. Hún horfði í átt að skólanum sem var svolítið innar í götunni. Þarna voru krakkarnir úti að ærslast og leika sér. Einhverjir voru að búa til snjókarl sýndist henni. Nokkrir krakkar virtust vera í snjókast og það sást varla í þá fyrir fljúgandi snjóboltum. Hún minntist þess hve gaman henni hafði þótt í frímínútum þegar fyrsti snjór vetrarins þakti skólalóðina. Stund-

um varð fjörið reyndar einum of mikið og saklaust snjókast leystist upp í vitleysu þar sem krakkar kepptust við að kaffæra hver annan og jafnvel traustir vinir urðu svarnir óvinir í kjölfarið. Yfirleitt þó ekki lengi. Stefanía ók varlega af stað aftur og einbeitti sér að akstrinum. Færðin var erfið og skyggnið tók að versna því skyndilega hafði byrjað að snjóa aftur. Það var eins gott að flýta sér ekki um of við þessar aðstæður svo hún ók ekki á miklum hraða, jafnvel þótt hún vildi komast heim sem fyrst. Lilja litla sótti í sig veðrið í stólnum sínum og var farin að gráta hraustlega. – Svona, kerlingin mín, bráðum komum við heim og þá færðu gómsætan fisk að borða og svo getum við lagt okkur, sagði Stefanía og reyndi að sefa dóttur sína. – Hættu nú að gráta, ástin mín. En Lilja grét bara enn hærra. Stefanía setti rúðupurrkurnar á og var að teygja sig í miðstöðina til að hækka í henni þegar eitthvað lenti á framrúðinni með háum dynki. Stefaníu dauðbrá og steig ósjálfrátt fast á bremsuna. Hjartað hamaðist í brjósti hennar. Hún fann hvernig bíllinn fór að renna til, kippti fætinum aftur af bremsunni og sneri stýrinu í ofboði til að reyna að rétta bíllinn af, tautandi allan tímann fyrir munni sér: – Ó, nei, góði Guð, nei, nei, Lilja, nei ... Hún varð að ná stjórn á bílnum aftur! Þetta gat ekki verið að gerast! Henni fannst sem bíllinn snerist í ótal hringi og það var eins og strætóskýlið kæmi æðandi á móti bílnum. Lilja öskraði af öllum lífs og sálar kröftum í aftursætinu. Svo kom hnykkur á bíllinn og loftpúðinn í stýrinu blés út með háværu hvissi. Lilja hætti að gráta og undarleg þögn færðist yfir, rofin aðeins af reglubundnu snökkti barnsins í aftursætinu.

– Þú ert búinn að fá snjóbolta í þig þrisvar, það er bannað að svindla! kallaði Þröstur til Hjalta sem faldi sig á bak við snjóvirki óvinaliðsins. Hjalti lét sig detta í snjóinn og lá þar sem dauður væri. Í því hringdi bjallan sinni dempuðu snjóhringingu. Það var eins og hún hefði verið vafin inn í bómull, snjórinn sem umlauk hana kæfði hljóðið næstum því. – Við unnum, það eru tveir eftir hjá okkur en bara einn hjá ykkur, galaði Þröstur yfir til óvinanna og strákarnir hópuðust saman og fögnuðu ógurlega um leið og þeir hlupu í áttina að skólanum til að fara í röðina. Bara tveir tímar eftir hádegi og svo gætu þeir farið aftur út að leika sér í snjónum. Vonandi yrði ekki mikið heimanám fyrir morgundaginn svo þeir gætu nýtt allan eftirmiðdaginn í snjónum. Jason rann í snjónum og datt kylliflatur beint á rassinn og tók Helga óvart með sér í fallinu. Þröstur fór að skellihlæja að þeim og rétti þeim sitt hvora höndina til að hjálpa þeim á fætur aftur. Síðan lölluðu þeir áfram í mestu rólegheitum þó þeir sæju að Jóhann var kominn til að sækja bekkinn. Allt í einu beygði Jason sig niður og sópaði upp snjó með höndunum og hnoðaði hann í stærðarinnar snjóbolta. Þröstur og Helgi gerðu það sama. – Haldiði að við náum að hitta í strætóskýlið? Jason stoppaði og miðaði á strætóskýli hinum megin við götuna. Svo kastaði hann snjóboltanum af öllu afli í átt að strætóskýlinu og snjóboltar vina hans fylgdu fast á eftir. Einn boltinn náði yfir götuna en lenti fyrir framan skýlið. Annar lenti á umferðareyjunni á miðri götunni en sá þriðji, þessi sem Jason hafði hnoðað, splundraðist á framrúðu bíls sem var að keyra fram hjá strætóskýlinu rétt í þessu. Það skipti engum togum, bíllinn varð stjórnlaus og snerist í heilan hring á götunni áður en hann lenti á strætóskýlinu með háum skelli og stöðvaðist þar. Strákarnir stóðu sem negldir og horfðu á. Allt í einu var Jóhann kominn til þeirra. – Drífið ykkur inn strákar og látið einhvern hringja í 112 og tilkynna slys! Áfram með ykkur! Ég ætla að athuga með bíllinn! Strákarnir putu inn og skeyttu ekki um að fara úr skónum í anddyrinu heldur æddu beint upp í móttökuna til Ásu ritara. – Það var slys hérna úti hjá strætóskýlinu, viltu hringja á sjúkrabil! sögðu þeir hver upp í annan, óðamála og andstuttir. Ása leit á þá og áttaði sig strax á því að þeir voru í

miklu uppnámi og að hér væri ekkert grín á ferðinni. Hún tók upp símtólið og sló inn 112. Strákarnir hlustuðu á hana biðja um að fá sjúkrabíl að Skólastíg, við strætóskýlið gegnt skólanum. – Sjúkrabíllinn kemur strákar mínir, sagði hún þegar hún hafði lagt á. – Hvað gerðist eiginlega? Ritarinn sá að Jason var orðinn náfölnur og farinn að skjálfa. Hún kom fram úr móttökunni og beygði sig niður að Jasoni. – Kom eitthvað fyrir þig? spurði hún. – Ert þú eitthvað slasaður? Hún tók um axlir hans og leiddi hann að sófanum sem var fyrir framan móttökuna. Ósköp skelfurðu barn! Pröstur og Helgi voru þöglir og tárin brutust fram í augu þeirra allra. Hvað höfðu þeir gert? Hvað höfðu þeir eiginlega verið að hugsa?

Til umræðu:

1. Hvers vegna voru strákarnir að hlaða virki í fyrri frímínútunum?
2. Hvernig voru akstursaðstæður þennan dag?
3. Var eitthvað annað sem hafði áhrif á aksturinn hjá Stefaníu þennan dag? Hvað?
4. Hvers vegna heldurðu að bíllinn hafi snúist í heilan hring á götunni?
5. Hvað getur hafa komið fyrir Stefaníu og Lilju litlu? Hvað heldur þú að sé líklegast miðað við aksturslag, slysið sjálft og aðstæður?
6. Hvaða fleiri/aðrar afleiðingar en áreksturinn við strætóskýlið hefðu verið mögulegar?
7. Hvers vegna varð Jason fölnur og fór að skjálfa?
8. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

Verkefni:

- Semdu viðbót við söguna þar sem sagt er frá því sem gerðist eftir að sjúkrabíllinn kom.
- Hvernig ætli dagurinn hafi orðið fyrir Jason? Fór hann í kennslustund eins og ekkert hefði í skorist eða fór hann heim? Hvernig ætli honum hafi liðið? Hvernig ætli hann hafi sagt foreldrum sínum frá þessu? Hvernig ætli honum hafi liðið um kvöldið þegar hann fór að sofa? Skrifaðu frásögn út frá Jasoni þar sem tilfinningum hans er lýst og notaðu 1. pers. et. til að segja frá, þ.e. eins og Jason sjálfur segi frá.

ENDURSKINSMERKI – heimaverkefni

Þegar þú kemur heim í dag skaltu kanna stöðuna í endurskinsmálum heimilisins og skrá niðurstöður þínar hér fyrir neðan. Á hvaða útifötum eru endurskinsmerki? Hverjir á heimilinu eiga skó eða stígvél með endurskinsmerkjum? Hugsanlega þarf að gera gangskör í því að endurskinsvæða heimilisfólkið! Þetta er jú mikið öryggisatriði fyrir alla.

Bekkur

Heimilismeðlimur	Flík með endurskinsmerki	Flík án endurskinsmerkis
<p>Ég</p> <p>SÝNISHORN</p>	Stígvél, úlpa, húfa, flíspeysa	Leðurjakki, gallajakki, regnjakki

Hvernig finnst þér að heimilið hafi komið út svona á heildina litið? Er auðvelt að sjá ykkur í umferðinni eftir að skyggja tekur?

Ef heimilið kom ekki nógu vel út úr þessari könnun þinni hvað er hægt að gera í því?

Nafn

Umferðarmerki

Umferðarmerkjum er skipt í nokkra flokka. Hér skoðum við merki úr fjórum þeirra. Það eru merki í flokkum viðvörunarmerkja, bannmerkja, boðmerkja og leiðbeiningarmerkja. Til eru miklu fleiri umferðarmerki og hægt að skoða þau t.d. á Netinu.

Viðvörunarmerki Þeim er ætlað að vekja athygli vegfaranda á því að vegur sé hættulegur eða einhver sérstök hættu sé á veginum. Merkin eru þríhyrnd og gul á lit með rauðum kanti

Biðskylda



Börn að leika



Brött brekka



Gangbraut



Hættuleg beygja hægri



Hættuleg beygja vinstri



Hættuleg vegamót



Hjólreiðamenn



Hraðahindrun



Hringakstur



Jarðgöng



Önnur hættu



Ósléttur vegur



Reiðmenn



Sleipur vegur



Umferð á vegi hefur forgang



Umferð gangandi



Umferðaljós framundan



Vegavinna



Vegur mjókkar



Boðmerki

Þau eru ætluð til þess að segja vegfarendum hvernig umferðin á að vera, til dæmis í hvaða átt má aka eða að hér sé sérstakur gang- og hjólréiðastígur o.s.frv. Boðmerki eru hringlaga, blá að lit og með hvítum kanti og hvítu tákni.

Akstursstefnumerki



Akstursstefnumerki



Hjólréiðastígur



Gangstígur



Gang- og hjólréiðastígur



Hringakstur



Akbrautarkerki



Reiðvegur



Akbrautarkerki



Bannmerki

Þau segja til um það sem ekki má gera í umferðinni á ákveðnum stöðum, s.s. að beygja til hægri, leggja bíl eða hjóla. Bannmerkin eru flest hringlaga og gul á litinn með rauðum kanti og mynd eða tölustöfum eða öðrum táknum eftir því sem við á.

Allur akstur bannaður



Innakstur bannaður



Akstur vélknúinna ökutækja bannaður



Akstur dráttarvéla bannaður



Akstur bifhjóla bannaður



Hjólréiðar bannaður



Hestaumferð bönnuð



Takmörkuð hæð



Hámarkshraði ökutækja



Hægri beygja bönnuð



Vinstri beygja bönnuð



U-beygja bönnuð



Bannað að leggja ökutæki



Bannað að stöðva ökutæki



Stöðvunarskylda



Upplýsingamerki og þjónustumerki

Upplýsingamerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmislegt sem er mikilvægt fyrir umferðina, s.s. hvar næstu bílastæði eru eða að ákveðin gata sé einstefnugata. Þau eru oftast blá með hvítu tákni. Þjónustumerki eiga að gefa til kynna hvaða þjónusta er í boði á leið vegfarenda. Í báðum flokkum eiga merkin að vera rétthyrndir ferhyrningar. Þessi merki eru yfirleitt blá með svartri mynd á hvítum grunni.

Bífreiðastæði



Athyglisverður staður



Bífreiðastæði fyrir fatlaða



Slyshjálp



Upplýsingar



Almenningssalerni



Tjaldsvæði



Sundstaður



Aðalbraut



Einstefna



Botngata



Bensínstöð



Veitingahús



Golfvöllur



Gangbraut

